



Banaslys 27.8.2006

Faxabraut, Keflavík
Ekið á gangandi vegfaranda
Látin 74 ára kona
Tími sólarhrings: Dagur

Lýsing á slysi

Slysið varð með þeim hætti að gangandi vegfarandi á leið suður yfir Faxabraut í Keflavík gekk í veg fyrir fólksbifreið sem ekið var vestur Faxabraut. Ökumaður bifreiðarinnar sá konuna ekki í tæka tíð, hann nauðhemlaði en það dugði ekki til og konan lenti á vinstri framenda, gluggapósti og rúðu bifreiðarinnar, hentist í loft upp og skall síðan í götuna. Hún lést samstundis.

Gönguleið konunnar yfir Faxabraut var ekki eftir merktri gangbraut þó ein slík væri nokkru neðan við staðinn þar sem konan fór yfir (sjá mynd). Virðist sem konan hafi gengið út á götuna án tillits til umferðar.



Mynd af vettvangi. Örin sýnir hvar konan hefur gekk yfir Faxabraut, ofan við merkta gangbraut.

Í framburðarskýrslum málsins kemur fram að konan hafði áður sama dag gengið í veg fyrir annan bíl og lá þá við slysi. Lýsti vitni ástandi konunnar þannig að hún hafi verið utan við sig

og ónæm fyrir þeirri hættu sem hún olli. Áfengis- og lyfjamæling leiddi í ljós róandi lyf í blóði konunnar í því magni að eitrunaráhrifa gæti hafa gætt. Samkvæmt rannsóknarniðurstöðum var ökumaður bifreiðarinnar ekki undir áhrifum áfengis eða lyfja.

Þegar slysið varð var hjart og gatan þurr. Faxabraut er með bundnu slitlagi og voru aðstæður til aksturs góðar. Hámarkshraði í götunni er 50 km/klst. en ökumaður kveðst hafa verið á 47 km/klst. hraða rétt áður en slysið varð en stafrænn hraðamælir er í bílnum. Ummerki á vettvangi, m.a. hemlaför, og framburður vitna styðja að ökumaður hafi ekki ekið yfir leyfilegum hámarkshraða.

Bifreiðin var af gerðinni Toyota Yaris og var skoðuð af sérfræðingum Fræðslumiðstöðvar bílgreina. Niðurstaða rannsóknarinnar var að örsök slyssins yrði ekki rakin til ástands bifreiðarinnar fyrir slysið.

Orsakagreining

- Gangandi vegfarandi gekk út á götu í veg fyrir bifreið
- Ökumaður var ekki nægilega athugull við akstur
- Gangandi vegfarandi var undir áhrifum lyfja með róandi verkun
- Gangandi vegfarandi notaði ekki nálæga merкта gangbraut

Tillögur í öryggisátt

Rannsóknarnefnd umferðarslysa leggur til við Reykjanesbæ að hámarkshraði á Faxabraut verði lækkaður úr 50 km/klst. í 30 km/klst. Gerir nefndin þá tillögu í ljósi þess að dvalarheimili aldraðra er við götuna. Einnig þarf að merkja gangbrautina með skiltum. Skoða þarf í Reykjanesbæ hvort ástæða er til þess að lækka hámarkshraða á fleiri stöðum, með öryggi umferðar gangandi vegfarenda að leiðarljósi.

Ábendingar

Rannsóknarnefndin telur að örsök slyssins megi rekja til þess að gangandi vegfarandi gekk yfir umferðargötu á röngum stað og án tillits til umferðar. Lyfjanotkun er meðverkandi þáttur í slysinu. Engu að síður ítrekar rannsóknarnefndin að ökumenn eiga að gæta fyllstu varkárni við akstur í íbúahverfum þar sem von er á gangandi vegfarendum, ekki síst í grennd við elliheimili. Sú ábyrgð er ótvíræð skv. umferðarlögunum hverjar svo sem aðstæðurnar kunna að vera og ástand þeirra sem á gangi eru.

Reykjavík 21.5.2007

Rannsóknarnefnd umferðarslysa